

Alþingi
Erindi nr. P 131/1249
komudagur 11.4.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2005

Efni: Frumvarp til tollalaga, 493. mál, heildarlög. - Umsögn Flugleiða-Frakt ehf.

Umbjóðandi okkar, Flugleiðir-Frakt ehf., Flugvallarvegi, 101 Reykjavík, hefur falið okkur að koma á framfæri eftirfarandi umsögn um frumvarp til tollalaga, 493. mál, við efnahags- og viðskiptanefnd.

Flugleiðir-Frakt harma að fulltrúar atvinnulífsins hafi ekki átt þess kost að taka sæti í nefnd þeirri sem undirbjó frumvarpið. Að mati umbjóðanda okkar er frumvarpið verulega íþyngjandi fyrir þá sem starfa að innflutningi til landsins. Telur umbjóðandi okkar rétt að frumvarpið verði dregið til baka og þeim aðilum sem starfa hvað mest við innflutning vara til landsins gefið tækifæri til að koma að mótun þeirra reglna sem um starfssvið þeirra fjalla.

Sérstaklega telur umbjóðandi okkar að æskilegt hefði verið að ganga lengra í átt að því að koma samskiptum við tollyfirvöld að öllu leyti yfir á rafrænt form, sérstaklega varðandi tilkynningaskyldu á fylgiskjölum sem auðvelt er að afla á rafrænu formi. Þá er sú skylda farmflytjanda að þurfa að geyma öll gögn á pappír í 6 ár algerlega óásættanleg þar sem hún er verulega íþyngjandi og kostnaðarsöm fyrir umbjóðanda okkar.

Lagt til að lagaumhverfið vegna bráðabirgðatollafgreiðslu og neyðarleyfa annars vegar og leyfi hraðflutningsfyrirtækja (sbr. DHL, UPS, og TNT) hins vegar verði skoðað sérstaklega. Hraðflutningafyrirtækin hafa leyfi tollyfirvalda til að afhenda vöru til viðskiptavina ótollafgreidda samkvæmt samningi sem kveður á um að gengið sé frá tollafgreiðslu innan ákveðins tíma. Flutningar Flugleiða-Frakt falla ekki undir hraðflutninga þó svo að um flutning á sams konar vöru sé að ræða. Upphaflega var flutningur hraðflutninga nær eingöngu póstur en síðustu ár hefur stór hluti af þessum varningi verið hefðbundin frakt. Flugleiðir Frakt telur að með þessu sé hraðflutningsfyrirtækjum gefið ósanngjarnt samkeppnisforskot. Lagt er til að hægt sé að leggja fram lista til tollyfirvalda yfir fasta viðskiptavinum sem eru með einsleita frakt og hægt sé að afgreiða þá á sömu forsendum og hraðflutninga. Hér er sérstaklega átt við innflutning á fersku grænmeti, varahlutum, lyfjasendingum sem koma í flugfrakt vegna þess að tími er lykilatriði í flutningskeðjunni frá framleiðanda til birgja. Í dag eru þessar sendingar afgreiddar með neyðarleyfum sem bæði tekur meiri tíma og kostar meira en ella þyrfti.

Umbjóðandi okkar leggur sérstaka áherslu á að eftirfarandi ákvæði frumvarpsins verði endurskoðuð:

VI. kafli 21.gr. Bindandi álit um tollflokkun

Óásættanlegt er að tollyfirvöld hafi 30 daga til að svara skriflegri beiðni um tollflokk vöru. Að mati umbjóðanda okkar er nauðsynlegt að stytta þennan tíma niður í 2 vikur hið lengsta.

Eigendur

Arni Vilhjálmsson hrl. · Einar Baldvin Axelsson hrl. · Erlendur Gíslason hrl. · Gunnar Sturluson hrl. · Hákon Árnason hrl. · Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.
Jakob R.Möller hrl. · Othar Örn Petersen hrl. · Óttar Pálsson hdl. · Pétur Guðmundarson hrl. · Ragnar Tómas Árnason hdl.

LOGOS

VII. kafli 23. gr. og 25. gr. Rafrænar aðflutningsskýrslur

Lagt til að 2 mgr. 23 gr. og 25 gr. séu felldar niður og að allar skýrslur verði á rafrænu formi.

VII. kafli 29. gr. Varðveisla gagna vegna rafrænnar tollafgreiðslu.

Lagt er til að fellt verði niður ákvæði um ábyrgð tollmiðlara á geymslu gagna sem notuð er til tollskýrslugerða þar sem slík gögn eru til hjá innflytjanda og geymd hjá honum, sbr. 1. mgr..

IX. kafli 36. gr. Bráðabirgðatollafgreiðsla

Mótmælt er allt að 25% álagi vegna tryggingar við bráðabirgðatollafgreiðslu. Ójafnræði gagnvart hraðflutningafyrirtækjum sem greiða engan aukakostnað fyrir að fá að afhenda vöru ótollafgreidda, sbr. umfjöllun hér að framan.

X. kafli 39. gr. Tollumdæmi

Lagt er til að landið verði gert að einu tollumdæmi og að tollstjóri verði einn.

XII. kafli 63. gr. Skrá um vöntun og skemmdir á vörum

Lagt til að lögfestur verði 28 daga frestur til að afhenda skrá um vöntun og skemmdir en slíkt er í samræmi við ákvæði í tollalögum í Bretlandi.

XIII. kafli 82. gr. Geymsluband

Lagt er til að notuð skuli rafræn tilkynning varðandi það þegar vörur fara á milli geymslusvæða í stað eyðublaðs í þríriti.

XIII. kafli 83. gr. Tollband

Lagt er til að rafræn tilkynning komi í stað fylgibréfs.

XVI. kafli 111. gr. Endurákvörðun aðflutningsgjalda eflir rafræna tollafgreiðslu

Lagt er til að frestur tolfyrivalda til að endurávarða aðflutningsgjöld verði stytur úr 6 árum í 4 ár. Auk þess sem lagt er til að orðið „skylt“ verði fellt brott.

XV. kafli 120. gr.

Lagt er til að krafa tollstjóra á hendur farmflytjanda, tollmiðlara og innflytjanda um greiðslu aðflutningsgjalda falli undantekningarlaust niður sökum fyrningar ef kröfunni er ekki fylgt eftir með lögsókn innan 4 ára frá því að viðkomandi far kom hingað til lands. Sá frestur ætti að nægja fyrir tolfyrivöld til að sinna eftirliti sínu og er í samræmi við almennar fyrningarreglur. Jafnframt er lagt til að skýrt verði að þetta ákvæði gangi framar 7. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

XVI. kafli 127. gr. Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda

Mótmælt er sameiginlegri ábyrgð tollmiðlara með innflytjanda á aðflutningsgjöldum.

XVI. kafli 128. gr. Fullnusta aðflutningsgjalda

Mótmælt er heimild til fjárnáms hjá tollmiðlara í 4 mgr., en í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tollmiðlari getur verið „tollskyldur aðili.“

LOGOS

XXII. kafli 172. gr. Refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð

Lagt er til að þessi grein verði endurskoðuð. Með þessu ákvæði er verið að herða refsíbyrgð tollmiðlara. Kemur fram í greinargerð með þessu ákvæði að venjulegt gáleysi nægi til að fella refsíbyrgð á tollmiðlara. Jafnframt er þess farið á leit að refsingar verði lækkaðar verulega. Hér er um nýmæli að ræða og breytingu frá núgildandi lögum. Lagt er til að greinin verði endurskoðuð og miðað verði við stórfellt gáleysi.

XXII. kafli 178. gr.


Lagt er til að persónuleg refsíbyrgð stjórnenda farartækja og afgreiðslumanna vörugymslna verði felld niður.

XXIV. kafli 197. gr.

Lagt er til að ekki séu innheimt gjöld fyrir tollafgreiðslu á þeim tíma sem flug fer venjulega fram eða frá kl. 05:00-24:00

Þá vill umbjóðandi okkar taka undir þær athugasemdir sem fram hafa komið í umsögnum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða, Samskipa hf., Eimskipafélags Íslands ehf., Jóna Transport hf. og TVG-ZIMSEN hf. til nefndarinnar. Að lokum óskar umbjóðandi okkar eftir því að fá að mæta á fund nefndarinnar við fyrsta tækifæri til að fara yfir athugasemdir sínar með nefndinni.

Virðingarfyllt,
f.h. Flugleiða-Frakt ehf.


Othar Örn Petersen hrl.


Erna Hjaltsted hdl.